



# Sjúklingakort

(Fyrir konur sem geta  
orðið þungaðar)



2084-IS-2500003

Samþykkt af Lyfjastofnun í júní 2025

# Upplýsingar fyrir sjúklinga

Ef Zeposia (ozanimod) er notað á meðgöngu getur það skaðað barnið. Hugsanleg áhætta getur verið fósturlát og fæðingargallar.

- Ekki má nota ozanimod á meðgöngu eða samtímis brjóstagjöf eða ef þú gætir orðið þunguð og notar ekki örugga getnaðarvörn.
- Áður en meðferð með ozanimodi hefst:
  1. Læknirinn sem ávísar lyfinu útskýrir hugsanlega áhættu fyrir fóstur ef þú verður þunguð meðan á töku ozanimods stendur og upplýsir þig reglulega um hvernig þú getur lágmarkað þá áhættu.
  2. Þú verður að nota örugga getnaðarvörn meðan á töku ozanimods stendur og í að minnsta kosti 3 mánuði eftir að þú hættir að taka ozanimod.
  3. Þú verður að sýna neikvæða niðurstöðu á þungunarprófi sem læknirinn staðfestir, og endurtaka þungunarpróf með hæfilegu millibili.

- Ef þú verður þunguð meðan á meðferð stendur verður þú að hætta notkun ozanimods. Læknirinn upplýsir þig um skaðleg áhrif á barnið í tengslum við meðferð með ozanimodi og þú ferð í ómskoðun.
- Þú verður að hætta töku ozanimods þremur mánuðum áður en þungun er fyrirhuguð.
- Ef þú hættir töku ozanimods skaltu láta lækninn tafarlaust vita ef sjúkdómseinkenni versna, þar sem hugsanlegt er að sjúkdómurinn geti tekið sig upp aftur.
- Láttu lækninn tafarlaust vita ef þú ert þunguð eða ert með barn á brjósti, ef þig grunar að þú gætir verið þunguð eða ef þungun er fyrirhuguð.

Á bakhlið kortsins eru samskiptaupplýsingar um lækninn sem ávísaði lyfinu.

Frekari upplýsingar um verkun og aukaverkanir ozanimods er að finna í fylgiseðli fyrir ozanimod.

## Mér hefur verið ávísað ozanimodi

### Mikilvægar samskiptaupplýsingar

Fyllist út af lækni / heilbrigðisstarfsmanni.

Læknir sem ávísaði ozanimodi:

Nafn: .....

Vinnusími: .....

Aðsetur: .....

.....

